

Umhverfisstefna Steinull hf.

UMHVERFISSTEFNA

Umhverfisstefnan byggir á því að gera ávallt betur í umhverfismálum, efla umhverfisvitund starfsmanna og þekkingu þeirra á umverfisþáttum sem til staðar geta verið á hverjum tíma.

Út frá umhverfisvernd og samfélagslegri ábyrgð, þá er stefna Steinullar að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum, með því að þekkja umhverfisþætti starfseminnar og leggja áherslu á skilvirka umhverfisstjórnun og umhverfisvernd.

Stefnumarkmið

Steinull hefur einsett sér að vinna með virkum og skipulögðum hætti í daglegri starfsemi sinni og ákvörðunartöku við að ná markmið um sínum í umhverfismálum með því að:

- Nota bestu aðgengilegu tækni í mengunarvörnum til að draga úr umhverfisáhrifum og áhrifum á nærsamfélagið
- Mæta sívaxandi kröfum um umhverfisvæn framleiðsluferli og vistvænar byggingar
- Vinna gegn loftslagsbreytingum með því að koma eftir fremsta megni í veg fyrir losun gróðurhúsalofttegunda eða annarra mengangi efna
- Afla nauðsynlegra eiginleika- og umhverfisstöðvottana vegna framleiðslu og sölu afurðanna
- Viðhalda opnum jákvæðum samskiptum um umhverfismál við yfirvöld, eftirlitsaðila, nágranna, samstarfsaðila og birgja
- Setja árlega ný markmið umhverfismála út frá gildum og umhverfisstefnu Steinullar
- Uppfylla kröfur starfsleyfis og aðrar lagalegar kröfur sem lúta að umhverfismálum
- Viðhalda vottun fyrir ISO 14001 og bæta stöðugt frammistöðu í umhverfismálum út frá niðurstöðum vöktunar og mælinga ásamt reglulegum skoðunum og úttektum á stjórnkerfi umhverfismála Steinullar

Umhverfisstefnan tekur til allrar starfsemi Steinullar og starfsfólk jafnt sem verktakar skulu virða hana í öllum störfum sínum.

Sauðarkróki, júní 2024
Stefán Logi Haraldsson
Framkvæmdastjóri

1S-05-02